

HEIÐARSKÓLI

3. tbl. 1.árg. - september 1999

SÉRÚTGÁFA VEGNA ÞEMADAGA

Allt skólastarf brotið upp

Í dag hófust samþættingardagar í Heiðarskóla. Munu þeir standa yfir dagana 26-30 nóv. Tekið skal fram að allt efni sem birtist í þessu blaði er eingöngu eftir nemendur Heiðarskóla. Á þessum dögum verður brotið upp allt skólastarf í skólanum og verður í staðinn öllum skólanum skipt í svokallaðar smiðjur t.d. fjölmiðlasmiðju en þar var þetta skólablað unnið. Svo verða fleiri smiðjur eins og íþróttasmiðja en þar verður farið í líkamsræktarstöðina frægu, Lífstíl. Eftir það verður farið í Íþróttahúsið við Holtaskóla, síðan slakað á í sundi og heitum pottum. Þá verða svokallaðir „Bland í poka“ hópar en þar var hægt að velja Bland í poka 1 og Bland í poka 2 en í þeim hópum



Myndin er úr matsal

var hægt að velja mismunandi hópa t.d stærðfræðismiðju, auk þess sem hægt var að gerast málaliði en þar voru eldri krakkarnir að aðstoða yngstu krakkana.

Á meðan verið er að skrifa þessi orð eru blaðamenn fjölmiðlasmiðjunnar á fullu að taka viðtöl við krakkana sem

hægt er að lesa inni blaðinu þegar það kemur út. Reyndu blaðamenn að skygnast inn í það fjölbreytta starf sem fór fram um allan skólann. Eflaust hefur eitthvað orðið útundan, en það er bara þannig að það stundum ekki hægt að gera öllu skil. Vonandi verða lesendur þó einhvers vísari. Góðan skemmtilestur.

Hjördís Rós 10-V

Af hverju samþættingardagar?

Blaðamenn náðu að króa Sveindísi Valdimarsdóttur kennara af og neyða nokkur svör upp úr henni:

Finnst þér þetta góð hugmynd að breyta venjulegum skóladegi í svokallaðan samþættingardag?

“Já, ég held að það sé sniðugt að prófa eitthvað nýtt og blanda eldri og yngri nemendum saman og fá nýtt sjónarhorn á þetta”.

Hvað eru samþættingardagar?

“Það er þegar verið er að



samþætta hinar mismunandi námsgreinar og ég held að þá séum við að takast á við verkefni

sem er líkara því sem gengur og gerist út í atvinnulífinu”.


Hvað eru nemendurnir að gera mína?

“Þeir eru að teikna skólann og skólaumhverfið með það fyrir augum að útbúa

þæfingarverkefni. Þetta er undirbúningsvinna í dag sem verður notuð sem fyrirmyndir í þæfingarverkefninu síðar”.

Verkefni þetta unnu: Halldór, Sigurjón, Gunnar, Árný og Óli

MOLAR OG SVIPMYNDIR ÚR STARFINU



Efri hæð Heiðarskóla

Við blaðamennirnir í Heiðarskóla, Ingibjörg, María Skagfjörð, Íris Ösp og Unnur Birgitta fórum um efri hæð skólans (skrifstofur) og spurðum spurninga.

Fyrst spurðum við mann,

Nafn: Örn

Maki: Þorgerður

Áhugamál: Golf og sportveiðar

Starf: Húsvörður

Svo hittum við annan mann.

Nafn: Vilhjálmur

Áhugamál: Fótbolti

Gaman: Að vera í fótbolta

Kærasta: Gullí

Þá hittum við konu.

Nafn: Árný Inga

Áhugamál: Útivist, Ljósmyndun og bóklestur

Starf: Skólastjóri

Maki: Ingólfur Björn.

Ævar málaliði

Við töluðum við málaliðann hann Ævar. Hann var að hjálpa litlu krökkunum við að skrifa ljóð í tölvuna. Honum fannst það bara ágætt og vill hafa svona á hverju ári.

Leiklistar- og tónsmiðjan

Næst lá leið okkar í leiklista og tónsmiðju. Þar gengum við á hin "fögru" hljóð sem tónlistarhópurinn var að spila á tréspil undir stjórn Guðmundar Hermannssonar.

Hvað heitirðu og í hvaða bekk ertu?

"Íris Dröfn og er í 10-V

Hvað eru þú að gera?

"Ég er að spila lag"


Hvaða lag?

"Bjart er yfir Betlehem"

Finnst þér ekki leiðinlegt að missa af venjulegum skóladegi?

"NEI"

MOLAR OG SVIPMYNDIR ÚR STARFINU



Gætirðu hugsað þér að starfa við þetta í framtíðinni?

“Já, já því ekki það”

Halldór, Sigurjón, Óli, Gunnar og

Árný unnu þetta viðtal.

Fótboltavöllurinn er rosa flottur

Nafn: Ásgeir Elvar Garðarson

Bekkur: 3-F

Heimili: Óðinsvellir 2

Finnst þér gaman í skólumum :

Já

Uppáhalds námsgreinin þín:

upplýsingament og smíði

Hvað gerir þú í upplýsingar

mennt:

Við förum á netið og Skrifum brandara og förum á krakkavefinn

Leiðinlegasta námsgrein: skrift

Af hverju:

af því maður þarf að skrifa svo mikið

Finnst þér skólinn flottur: Já, rosa flottur fótboltavöllur hann er stór.

Hvað átt þú að gera í dag:

Lita og sauma.

Og hvernig list þér á það:

Allt í lagi að lita en ömurlegt að sauma.

Hvað er uppáhalds maturinn þinn:

Pizza.

Hvernig list þér á mötuneytið:

Vel.

Finnst þér sangjarnt að Stóru krakkarnir fá að vera inni en ekki þið:

Já, flestir krakkarnir lemja litlu krakkana.

Páll Ágúst, Sævar 8-R og Arnór 7-N tóku viðtalið.

Frábærir krakkar í Heiðarskóla

Hópur 22 úr rauða turnininum heimsótti tölvuverið og náði tali af tölvukennaranum Guðna B. Kjærbo.

Er gaman að gaman að kenna? Rosalega gaman.

Líkar þér starfið? Þetta er mjög gott og gefandi starf.

Hefur þú sent krakka til skólastjórans? Já því er nú ver, einn nemandi, en við erum sem betur fer vinir núna.

Ertu búinn að kenna lengi? Já kenndi í mörg ár fyrir mörgum árum en er að byrja aftur.

Hvernig er að vera í nýjum skóla? Það er alveg frábært, hér eru frábær börn og frábært samstarfsfólk

Geturðu sagt okkur aðeins frá starfinu? Eins og ég sagði áðan þá er þetta mjög gefandi starf.

Mér er uppálagt að kenna ykkur smávegis á tölvurnar þannig að þið verðið fær um að skrifa ritgerðir og þess háttar í tölvuna, búa til netföng, heimasíðu og fleira. Einnig er ætlunin að kenna ykkur fingrasetningu og margt margt fleira.

Verkefni þetta unnu:

Steinnur Ýr, Þorsteinn og Jói

Endurvinnsla pappírs og fl.

Bryndís í 6 bekk M og Eva í 5-J úr fjölmiðlasmíðjunni brugðu sér á vettvang á föstudagsmorgni og spurðust fréttu úr starfinu:

Hvað heitir þú? Þorsteinn

Hvað ertu að gera? Mála

Er gaman? Ágætt

Líst þér vel á samþættisdagana?

Veit ekki

Hvað heitir þú? Birgir

Hvert er verkefnið?

Að endurvinna pappír

Er gaman?

Já

Er þetta erfitt?

Nei skítlétt

Viðtalið tóku: Bryndís v 6.m

og Eva 5.j

Fjögurra metra langt listaverk

Þegar blaðamenn komu inn í myndmenntastofu voru nemandur á fullu við að búa til stórt listaverk. Náðum við tali af Guðmundi Árni í 8-P og spurðum hann spurninga.

Hvað eru nemandurnir að gera?

“Þau frammi eru að búa til grunninn”

Grunninn af hverju?

”4 metra listaverki” (mynd)

Finnst ykkur þetta góð hugmynd að breyta skóladegi í svokallaðan samþættingadag?

“Nei”

Hvað er samþættingadagur?

“Ég veit það ekki”

Heiðarskóli teiknaður

Blaðamenn litu við á saumastofu skólans og náðu tali af Ólína Ýr í 3-P.

Hvað eruð þið að gera?

Teikna Heiðarskóla.

Finnst ykkur þetta gaman?

Mér finnst þetta miklu

skemtilegara en á venjulegum skóladegi.

Hvað er samþættingadagur?

Ég veit það ekki.

Verkefni þetta unnu:

Halldór, Sigurjón, Gunnar,

Árný og Óli Þór.

Við erum að semja leikrit -segir Ingvi í 10.-V

Á sal var leikhópurinn að æfa og vorum staðráðin í að taka viðtal þrátt fyrir að okkur hefði verið Bannaður aðgangur hvað eftir annað.

Hvað heitirðu?

“Ingvi og ég er í 10-V”

Hvað eruð þið að gera?

“Við erum að semja leikrit”

Um hvað er leikritið?

“Það er ekki ákveðið, því að þetta er spuni”

Finnst þér ekki leiðinlegt að missa af venjulegum skóladegi?

“Jú, alveg svakalega”

Geturðu hugsað þér að starfa við þetta í framtíðinni?

“Nei, alls ekki en kannski Sýlvía geti það”

Hvað er samþættingadagur?

“Það veit ég ekki”

Jólasmiðja

Við tókum viðtal við Hermann Ragnar Unnarsson í 8. bekk R

Hvað ertu að gera skemtilegt?

Ég er að klippa út jólaföndur til að skreyta skólann. Það er ýkt stuð, mér finnst að það ætti að gera svona á hverju ári og hafa það í heila viku eða meira. Á mánudaginn fer ég í íþróttir en á þriðjudaginn fer ég í Bland í poka 2 vonandinn verður það gaman.